

## Hverfisráð Hríseyjar

30. fundur

Þriðjudaginn 3. febrúar '09 kl. 16.00 var 30. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Hjördís Ýrr Skúladóttir, Guðrún Þorbjarnardóttir og Víðir Björnsson.

Linda setti fund og bauð alla velkomna.

1. **Umræða um Íþróttahús**

Samþykkt að senda bréf til Elínar Gísladóttur, Kristins Svanbergssonar og Guðríðar Friðriksd. þar sem óskað er eftir að þau mæti á fund með Hverfisráðinu 3ja mars n.k.

2. **Umferðarmál** - brýnar úrbætur.

Í október sl. var ritað bréf til Skipulagsnefndar og afrit sent til framkvæmdaráðs og bæjarráðs, engin viðbrögð hafa fengist við þessu erindi ennþá.

*“Ákveðið að skrifa annað bréf um saman efni og senda til Skipulagsnefndar ásamt afrit af fyrra bréfi.”*

3. **Önnur mál**

Að gefnu tilefni var rætt um neyðarlínuna **112**. En og aftur kemur í ljós að hún er ekki að virka þegar kallað er eftir aðstoð við að flytja sjúkling frá Hrísey.

Rætt um nauðsyn þess að halda skyndihjálparnámskeið og fá sem flesta til að sækja það.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00

Linda María Ásgeirsdóttir  
Kristinn Fr. Árnason  
Hjördís Ýrr Skúladóttir  
Guðrún Þorbjarnardóttir  
Víðir Björnsson

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Guðrínu Kristjánsdóttur